



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Aukafundur 2021-07-04 á Zoom

Fundur hófst: 20:00

Fundi slitið: 22:15

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson (APS), Margrét Birna Þórarinsdóttir (MBÞ), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓSA), Ríkharður Ólafsson (RÓ)

Fundargerð ritaði: APS

Fundarefni: Ráðning sumarstarfsmanna vegna siglinganámskeiðs 10 – 16 ára.

Með vísan í gildandi samning Hafnarfjarðarbæjar / Vinnuskóla Hafnarfjarðar (hér eftir Hafnarfj.) og Siglingaklúbbsins Þyts (hér eftir Þytur) hefur eftirfarandi ályktun verið samþykkt.

Þann 21. apríl lagði Geir Bjarnason, fyrir hönd ÍTH, fram tillögu að breytingum á núverandi þjónustusamning milli Hafnarfj. og Þyts. Stjórn Þyts hafnaði tillögunni þar sem hlutar hennar hefðu getað dregið verulega úr öryggi og gæðum sumarnámskeiða Þyts.

Þegar fyrsta sumarnámskeiðið hófst þann 14. Júní hafði samkomulag milli Þyts og Hafnarfj. ekki náðst, og Hafnarfj. tilkynnti að Vinnuskólinn myndi ekki leggja til starfsmenn á sumarnámskeið Þyts samkvæmt samningi.

Gildandi samningur hefur þriggja mánaða uppsagnarfrest og hefur stjórn Þyts ekki borist uppsögn á samningnum.

Þytur mun halda áfram að vinna eftir þeim samningi sem stjórn Þyts telur í gildi, og ræður inn starfsmenn til að sinna sumarnámskeiðunum. Þytur greiðir laun starfsmanna samkvæmt launatöflu Vinnuskólans í Hafnarfirði, nema þar sem lágmarkstaksti á almennum vinnumarkaði er hærri.

Þytur mun stofna kröfu á Hafnarfjarðarbæ til endurgreiðslu launa og annarra útgjalda vegna starfsmanna (þar á meðal opinberra gjalda og greiðsla í lífeyrissjóð).

Ályktun samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Fyrirkomulag vinnunnar og kjör starfsmanna verða samkv. viðmiðum Vinnuskólans.

- Starfsmenn eru ráðnir sem tímavinumenn, þ.e. aðeins er greitt fyrir unna tíma
- Vinnutími er 6 tímar á dag, frá 09:00 – 12:00 og 13:00 – 16:00 mánudaga til föstudaga
 - Tími í upphaf og lok dags sem nýttur er í undirbúning og frágang er greiddur (hámark 30 min/dag)
 - Komi upp verkefni tengd námskeiðunum sem þarf að vinna umfram reglulegan vinnutíma er það samkvæmt samkomulagi stjórnenda og starfsmanns í hvert skipti.
 - Laun eru þá greidd samkvæmt tímakaupi
 - Að hámarki 7 tímar á dag fyrir 15 ára og yngri, enn í skyldunámi
 - Að hámarki 8 tímar á dag fyrir 15 ára og eldri sem lokið hafa skyldunámi
- Launatímabil er til og með 19. hvers mánaðar – úborgun 1. til 5. næsta mánaðar
- Veikindadagar eru ekki greiddir
- Óskir um frídaga þurfa að berast tímanlega – ekki mögulegt að vinna upp
- Orlof er greitt á sama tíma og laun

Stjórn þyts hefur ráðið eftirfarandi starfsmenn á námskeiðið

- Starfsmaður fæddur 2007 með reynslu af siglingum
- Starfsmaður fæddur 2006 með reynslu af siglingum
- 2 starfsmenn fæddir 2004 annarsvegar með reynslu af siglingum og hinsvegar með reynslu af starfi hjá klúbbnum.
- Einn starfsmaður eldri en 18 ára, með reynslu af siglingum.
- Flokkstjóri
- Íþróttastjóri klúbbsins sinnir að auki starfi flokkstjóra á námskeiðunum. Laun íþróttastjóra verða greidd sem verktakagreiðsla.

Starfsmenn eldri en 18 ára sjá um mönnun gæslubáta.

Laun verða greidd skv. eftirfarandi tímakaupi

Launaflokkur	Tímakaup [kr/klst]	
	Vinnuskólinn	VR
2007	668	1238
2006	891	1418
2005	1113	1678
2004	1825	1777
18+	2226	1997
Flokkstjóri	2438	1997